

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/285
komudagur 24.11.2006



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110642 SMG/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 10. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um embætti landlæknis, 273. mál, heildarlög (þskj. 282 á 133. löggjafarþingi.)

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um heilbrigðisskrár á landsvísu. Ljóst er að lagasetning sem snýr að slíkum skráum er mikilvæg, m.a. vegna hagsmuna vísindasamfélagsins af því að geta nýtt fyrirbyggjandi heilsufarsupplýsingar til að auka við þekkingu. Við slíka lagasetningu verður þó að gæta þess að skerða ekki einkalífsréttindi hinna skráðu um of.

Persónuvernd fékk drög að frumvarpi þessu send til umsagnar, dags. 16. febrúar og 23. júní sl., og gerði í bæði skipti nokkrar athugasemdir við ofangreint ákvæði. Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir hefur verið tekið mið af þeim athugasemdum. Í ljósi þessa gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Dr. Páll Áreinnsson
stjórnarformaður